

Ed. 413. Frumvarp til laga [155. mál]

um breyting á lögum nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verði: Um kennslu í uppeldisfræðum við Háskóla Íslands.

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Við heimspekideild Háskóla Íslands skal fara fram kennsla í uppeldisfræðum. Einn prófessor skal skipaður til þess að annast kennsluna, en auk þess hefur prófessorinn í forspjallsvísindum á hendi kennslu þessa, eftir því sem samrýmist störfum hans.

Um kennslu þá, sem um getur í þessari grein, fer samkvæmt lögum og reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

3. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Prófessor sá, sem skipa skal samkvæmt 2. gr., skal skipuleggja kennsluæfingar stúdenta í uppeldisfræðum. Enn fremur skal hann halda fyrirlestra fyrir starfandi kennara og efna til námskeiða fyrir þá. Auk þess skal hann annast um rannsóknir og leiðbeiningarstörf í þágu uppeldismála landsins, eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum Háskóla Íslands, og fylgdi því svo-felld greinargerð frá háskólaráði:

II. kafli laga nr. 16/1947, um menntun kennara, fjallar um kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands. Hlutverk þessarar stofnunar er að veita kennaraefnum, sem búa sig undir kennslustörf við barnaskóla og skóla gagnfræðastigs og menntaskóla og ýmsa sérskóla, bóklega og verklega menntun í uppeldisfræði, sálarfræði og kennslufræði. Auk þess skulu kennarar í uppeldisvísindum annast rannsóknir og leiðbeiningar í þágu uppeldismála landsins, eftir því sem samrýmist kennslustörfum þeirra. Samkv. 15. gr. laganna skal skipa einn prófessor til þess að veita stofnun þessari forstöðu. Í 16. gr. er síðan ákvæði um það, hvaða greinar skuli kenndar við stofnun þessa.

Það er skemmt af að segja, að ákvæði II. kafla laga nr. 16/1947 hafa ekki komið til framkvæmdar í því horfi, sem til var ætlað. Stafar það m. a. af því, að stofnun sú, sem um er fjallað í þessum kafla, skyldi vera í nokkrum tengslum við æfinga- og tilraunaskóla þann, sem um er rætt í III. kafla laganna, en sá skóli hefur enn ekki verið stofnaður. Auk þess eru ákvæði II. kafla l. nr. 16/1947 að ýmsu leyti óheppileg frá sjónarmiði háskólans. Þar sem gert er ráð fyrir a. m. k. öðrum þræði, að stofnun í uppeldisvísindum verði sjálfstæð deild og hinum þræði eru tengsl þessarar stofnunar við háskólann ærið óskýr.

Þótt II. kafli laga nr. 16/1947 hafi enn ekki komið til framkvæmdar, hefur háskólinn að nokkru gegnt því hlutverki, sem þessari stofnun var ætlað. Eins og kunnugt er, þurfa þeir menn, sem búa sig undir kennslustörf við gagnfræðaskóla, menntaskóla og ýmsa sérskóla, að ljúka námi í uppeldis- og kennslufræðum til þess að öðlast kennsluréttindi, sbr. 37. gr. laga nr. 48/1946, 15. gr. laga nr. 58/1946 og 49. gr. laga nr. 16/1947. Með breytingu á reglugerð háskólans, nr. 91 28. des. 1950, var háskólanum falið að standa fyrir kennslu í uppeldisfræðum fyrir kennaraefni við framangreinda skóla, svo og að skipuleggja kennsluæfingar. Þessum ákvæðum var breytt að nokkru með reglugerðarbreytingu frá 10. sept. 1951. Er kennsla í uppeldisfræðum fyrir kennaraefni miðuð við það, að nemendur geti meðan þeir stunda nám sitt við háskólann aflað sér kennsluréttinda. Kennsla þessi tekur eitt til tvö ár, og er hún bæði bókleg og verkleg. Verklega kennslan er einkum fólgin í kennsluæfingum. Fer kennslan fram í ýmsum skólum í Reykjavík. Er það að sjálfsögðu mikið starf að skipuleggja þær æfingar, hafa umsjón með nemendum og leiðbeina þeim.

Framangreinda kennsla í uppeldis- og kennslufræðum svo og forstöðu kennsluæfinga hafa að undanförmu annast prófessorinn í forspjallsvísindum og einn auka-kennari. Í greinargerð til háskólans, dags. 20. ágúst 1956, hafa kennararnir rökstutt það rækilega, að brýna nauðsyn beri til þess að skipa prófessor til þess að hafa kennslu þessa á hendi ásamt prófessorum í forspjallsvísindum. Háskólaráð hefur fallizt á rök þeirra, en það telur hins vegar, að ekki sé ráðlegt að skipa prófessorinn samkvæmt 15. gr. laga nr. 16/1947 óbreyttri, heldur sé nauðsynlegt að breyta nokkuð ákvæðum II. kafla laganna, áður en kennarinn verður skipaður. Í frumvarpi þessu felst ekki heimild til að stofna nýtt prófessorsembætti, sú heimild er í gildandi lögum, sbr. 15. gr. l. nr. 16/1947. Það eitt er efni frumvarpsins að breyta ákvæðum um þennan prófessor og færa þau til samræmis við háskólalög. Verður réttarstaða þessa prófessors hin sama og annarra prófessora, og kennsla sú, sem frumvarpið fjallar um, hlítir í hvívetna sömu ákvæðum og kennsla í öðrum greinum við háskólann.

Þess skal getið, að kostnaðurinn við kennslu í uppeldisfræðum nam tæpum 23 þús. kr. s. l. ár. Ef hinum nýja prófessor yrði falið að annast rannsókn á þroskastigi islenskra skólabarna, myndi niður falla að mestu fjárveiting í fjárlögum þessa árs í því skyni, kr. 136 364.00.

Að öðru leyti veitir frumvarpið ekki tilefni til athugasemda.